

80 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um
30. júní. aðflutning á sauðfje frá Englandi. — Af hjálagðri samstundis meðtekinni fundar-
áskorun virðist mega sjá, að von sje þessa dagana á ensku sauðfje með gufuskipinu
«Camoens» annaðhvort til Reykjavíkur eða til Hafnarfjarðar. Þó nú ekki hafi verið
gefið út neitt slíkt bann, sem getur um í umburðarbrjefi frá 14. apríl 1875 (stjórnar-
tíðindi B. 27.), að því er snertir flutning á sauðfje frá Englandi, virðist ástæða vera
til að viðhafa sterkt eptirlit með slíkum flutningi, því það er kunnugt, að fjárkláði og
aðrir næmir sjúkdómar, sem ekki ganga hjer á landi, eru innlendir annarstaðar, og þó
þeir þar ekki geri svo mikinn skaða, að almenn vandræði risi af þeim, sýnir reynslan,
að slíkt geti orðið hjer á landi.

Jeg vil því skora á yður, herra amtmaður, að hlutast til um að kindur þær,
er getur um í fylgiskjalinu, verði, undir eins og gufuskipið «Camoens» hefir hafnað
sig og áður en þær eru fluttar í land, skoðaðar með allri varúð af 2 greindum fjár-
mönnum. Reynist skepnurnar sjúkar af hættulegum sjúkdómi, má ekki flytja þær í
land; en sjeu þær álitnar heilbrigðar, verður minnst 3 vikur að halda þeim aðskildum
frá öðrum skepnum undir nákvæmu eptirliti greindra fjármanna, allt að ráðstöfun hlut-
aðeigandi lögreglustjóra og samkvæmt nefnu umburðarbrjefi mínu frá 14. apríl 1875.

81 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um rit um jurtaríki Íslands.
9. júlí. — Samkvæmt beiðni adjunkts C. C. H. Grönlunds, sem ráðgjafinn árið 1876 veitti
500 kr. styrk til þess að ferðast til Íslands til að rannsaka jurtaríki landsins, lofaði
ráðgjafinn í brjefi frá 13. janúar þ. á. að kaupa 100 exemplör af riti eptir hann um
jurtaríki Íslands, svo að það geti komið fyrir almenningssjónir. Ráðgjafinn hefir þar
eptir frá bókaverzlun Gyldendals tekið á móti nefndri tölu af ritinu, og sendast yður
hjer með, herra landshöfðingi, 95 expl. af því með tilmælum um, að þjer þóknanlega
vilduð hlutast til um útbytingu þeirra á Íslandi á sem haganlegastan hátt; í þessu til-
liti skal tekið fram, að senda ber hverju af opinberum bókasöfnum landsins um sig 1
expl., og hefir höfundurinn þess utan á sínum tíma látið í ljósi, að það að hans álit
myndi glæða áhuga manna á að kynna sjer grasafreði Íslands, ef t. a. m. hinir dug-
legustu af eldri lærisveinum lærða skólans, prestaefni eða læknaefni gætu eignast ó-
keypis 1 expl. af riti um grasfreði landsins.

82 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hjónavígslubrjef. — Ráð-
21. júlí. gjafinn fellst hjer með á tillögur yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 10.
f. m. um, að ókeypis' hjónavígslubrjef verði afhent af landshöfðingja. Þetta er tjáð
yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

83 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um bókagjöf handa stíptisbóka-
21. júlí. safninu. — Eptir að háskóla bókavörður S. Birket-Smith hafði skýrt ráðgjafanum frá,
að hann hefði umboð Geheime Etazráðs Dr. juris & philos. A. F. Kriegers til að bjóða

1) Hjónavígslubrjef fyrir borgun eru samkvæmt tilskipun 23. maí 1800 III. afhent af amtmönnum.